

## Fundur í mats og hæfnisnefnd

**Dagsetning:** 5. september 2022, kl. 15:00 – 16.30

**Staðsetning:** Furugerði 4, Skaftahlíð

**Viðstaddir:** Reynir Tómas Geirsson, Magnús Karl Magnússon og Kristín Huld Haraldsdóttir

**Fundarritari:** Selma Guðnadóttir

### Fundarefni:

1. Fundargerð síðasta fundar. Engar athugasemdir
2. Formlegur frágangur á mati á taugalækningadeild, meinafræði, barnadeild er í vinnslu hjá RTG. Bæklunarskurðlækningadeildin á LSH er búin að biðja um heimsókn frá mats- og hæfnisnefndinni, en áform eru þar um fullt sérnám.
3. Beiðni kom um að frá fæðinga- og kvensjúkdómalæknum á HVE, Akranesi, um að nýta HVE sem námsstað í því fagi. RTG fór í heimsókn á HVE vegna sérnámsgrunns vegna kvörtun frá sérnámsgrunnslæknum þar. Úrbætur og fyrirheit um þær voru ræddar. Önnur beiðni frá Akranesi varðaði fjölgun sérnámsgrunnslækna úr fjórum í fimm. Þarf að tala við fyrrverandi og núverandi sérnámsgrunnslæknana varðandi kennslu og fleira áður en ákvörðun er tekin.
4. Útsending Gullbókar sem formlegs skjals frá M & h, og upphaf skráningarkerfis í sérnám var rætt. Til stendur að senda út Gullbókina á alla kennslustjóra sérnáms, til kynningar og með tilkynningu aum að hún yrði viðtekin grunnur sérnáms í landinu. Verður fyrst sent í heilsugæsluna og síðan gegnum FMRL á alla kennslustjóra. Sérnámsnúmerakerfi verður sett upp og rætt á Landspítala. Vandamál er að það vantar kennsluráð í heilsugæslunni.
5. Umræður um erindi frá ráðuneyti varðandi HSU og HVE og erindi frá Embætti landlæknis varðandi viðurkenningu á hlutanámi erlendis, sjá tölvupóst frá því fyrr í sumar.
6. Starfið fram undan þennan vetur, fundaplan og nýskipan nefndar á næsta ári var rætt.
7. Rætt um nýskipan nefndarinnar, sem kann að þurfa þegar nýja reglugerðin kemur. Tæpt ár er eftir af skipunartíma núverandi nefndarmanna. Finna þarf einstakling í stað RTG, KHH og MKM gefa ekki kost á sér til áframhaldandi nefndarsetu eftir að skipunartíma þeirra lýkur.
8. Önnur mál. Heimsóknir fram undan eru nokkrar, t.d. bæklunarskurðlækningadeild, bráðadeild og fleiri deildir.